

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. júní 2023

Mál nr. E-4410/2022:

**Protabú Eignarhaldsfélagsins Karps ehf.**

(Einar Hugi Bjarnason lögmaður)

**gegn**

**íslenska ríkinu**

(Óskar Thorarensen lögmaður)

## Dómur

### I

Mál þetta sem var höfðað með stefnu birta 22. september 2022 var dómtekið 6. júní 2023. Stefnandi er protabú Eignarhaldsfélagsins Karps ehf., Borgartúni 25 í Reykjavík, en stefndi er íslenska ríkið.

Stefnandi krefst þess að rift verði með dómi greiðslu 25. nóvember 2021 á skuld stefnanda við stefnda, að fjárhæð 20.000.000 króna. Þá krefst stefnandi þess að stefndi greiði sér 20.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 25. nóvember 2021 til 15. september 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Að auki er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar úr hans hendi. Til vara krefst stefndi þess að krafa stefnanda verði lækkuð og að málskostnaður verði felldur niður.

### II

Atvik málsins eru þau að bú Eignarhaldsfélagsins Karps ehf., áður Ísleifur Jónsson ehf., var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 2022. Stefndi var skiptabeiðandi og frestdagur við skiptin var 28. apríl 2022.

Kröfulýsingarfresti lauk 14. september 2022 og námu lýstar kröfur í búið samtals 174.042.089 krónum. Samkvæmt upplýsingum frá skiptastjóra voru eignir búsins innstæður á bankareikningum að fjárhæð 4.636.665 krónur auk eignarhluta í tveimur nær verðlausum einkahlutafélögum. Þá átti félagið einhverjar útistandandi kröfur sem seldar höfðu verið þriðja aðila gegn árangurstengdum greiðslum en óvissa sé um innheimtu krafanna og greiðslu kaupverðsins.

Hinn 25. nóvember 2021 greiddi félagið 20.000.000 króna inn á skuld við stefnda. Á þeim tíma nam skuldastaða félagsins gagnvart stefnda 148.000.000 króna. Sama dag og greiðslan var innt af hendi til stefnda barst félaginu innborgun frá Íslandsbanka að fjárhæð 33.812.854 krónur inn á bankareikning stefnanda. Var þeirri greiðslu auk fyrrnefndrar greiðslu til stefnda ráðstafað til greiðslu á lífeyrissjóðsiðgjöldum að fjárhæð 6.225.000 krónur og 6.587.854 krónur.

Ársreikningur stefnanda 2020 var áritaður af endurskoðanda með fyrirvara um rekstrarhæfi. Kemur fram í ársreikningnum að félagið hafi verið rekið með viðvarandi rekstrartapi og að eigið fé sé neikvætt. Viðskiptabanki félagsins hafi leyst til sín fasteign félagsins og viðskiptakröfur í skuldaskilum í apríl 2020. Viðskiptabanki hafi svo leyst til sín birgðir félagsins í janúar 2021. Þá segir að vafi geti leikið á um áframhaldandi rekstur félagsins.

Rekstrartekjur ársins 2020 námu 571.569.068 krónum og hagnaður ársins var 163.705.712 krónur. Eigið fé var neikvætt um 30.019.414 krónur.

Gert var árangurslaust fjárnám hjá félaginu í apríl 2020 og þrisvar sinnum á árinu 2021, þ.e. 17. maí, 26. ágúst og 9. nóvember. Þá bárust Héraðsdómi Reykjavíkur fjórar kröfur um gjaldþrotaskipti á búi félagsins á tímabilinu 29. júní 2021 til 14. september 2021 sem allar voru afturkallaðar gegn greiðslu skulda að baki kröfunum.

Á meðal gagna málsins er samkomulag, dagsett 19. febrúar 2021, á milli félagsins og stjórnenda þess. Þar kemur fram að félagið hafi átt í rekstrarerfiðleikum árin á undan og að óvíst væri um framtíð þess ef ekki kæmi til verulegra íviltana frá viðskiptabanka félagsins, Íslandsbanka hf. Þá kemur fram að bankinn hafi óskað eftir því að stjórn félagsins gæfi það upp til gjaldþrotaskipta.

Í samkomulaginu segir einnig að erfiðleikar í rekstri félagsins hafi meðal annars leitt af sér skuldasöfnun við forgangskröfuhafa þess, sem væru ríkissjóður og lífeyrissjóðir. Lögum samkvæmt væri mögulegt að stjórnendur félagsins yrðu gerðir persónulega ábyrgir fyrir þeim kröfum. Einnig kemur fram að félagið hygðist selja allar eigur sínar fyrir utan viðskiptakröfur og aðrar kröfur og hætta almennum rekstri við þá sölu. Þá kemur fram að aðilar samkomulagsins væru sammála um að persónulegir hagsmunir stjórnendanna skyldu hafa algeran forgang við uppgjör eigna og skulda félagsins og þannig standa hagsmunum hluthafa þess framar í réttindaröð. Fjármunum félagsins skyldi því fyrst ráðstafað til fulls uppgjörs á forgangskröfum ríkissjóðs og lífeyrissjóða, sem við undirritun samkomulagsins voru sagðar nema 130.564.680 krónum.

Rekstur hins gjaldþrota félags var síðar seldur félaginu ÍJ ehf., sem þá hét Eignarhaldsfélagið Sarpur ehf., með kaupsamningi 3. mars 2021 og skyldi kaupverð greitt með yfirtöku skulda og árangurstengdum greiðslum.

Í gögnum málsins liggja fyrir tölvupóstsamskipti framkvæmdastjóra félagsins og starfsmanns Skattsins frá því í nóvember 2021. Í tölvupósti til Skattsins 11. nóvember 2021 greindi framkvæmdastjóri félagsins frá því að fasteign þess að Draghálsi 14–16 hefði verið seld og að félagið vildi leita samkomulags um greiðslu skulda við stefnda. Samkvæmt tölvupósti 15. nóvember 2021 væri hrein eign félagsins við sölu fasteignarinnar 70.000.000 króna og bauðst félagið til að greiða 20.000.000 króna sama dag, svo eftir því sem greiðslur bærust við afhendingu fasteignarinnar í apríl 2022 og við afsalsgerð í júní 2022. Fram kom að því til viðbótar hefði Íslandsbanki aflétt öllum sínum veðum á félaginu, meðal annars handveðsetningu á reikningum félagsins sem hefði því aðgang að viðskiptakröfum félagsins auk reikningsinnstæðna sinna. Kvað framkvæmdastjóri félagsins kröfur félagsins duga fyrir skuldum þess og óskaði eftir að gera greiðsluáætlun sem miðaði við framangreindar dagsetningar.

Í svarpósti frá starfsmanni Skattsins daginn eftir kom fram að skuldastaða félagsins næmi þá 148.000.000 króna. Langur vegur væri á milli þeirrar fjárhæðar og 70.000.000 króna. Jafnframt gengi það alls ekki upp í ljósi skuldastöðu félagsins að greiða 20.000.000 króna þá og svo ekkert fyrir en mörgum mánuðum síðar. Fram kemur í tölvupóstsamskiptum dagana þar á eftir að gerð hafi verið greiðsluáætlun sem taka skyldi gildi þegar greidd hefði verið fyrsta greiðsla og undirrituðu eintaki greiðsluáætlunarinnar hefði verið skilað til Skattsins. Jafnframt upplýsti starfsmaður Skattsins framkvæmdastjóra félagsins um að það yrði að vera frágengið í síðasta lagi mánudaginn 22. nóvember 2022.

Í tölvupósti þriðjudaginn 23. nóvember 2022 spurði starfsmaður Skattsins út í stöðuna á málinu og upplýsti jafnframt að vegna þess tíma sem liðinn væri frá því að fjárnámsbeiðni stefnda á hendur félaginu lauk sem árangurslausu yrði stefndi að leggja fram gjaldþrotaskiptabeiðni á hendur félaginu í síðasta lagi daginn eftir yrði ekki gengið strax frá undirritun greiðsluáætlunar og fyrstu greiðslu samkvæmt henni.

Umrædd greiðsluáætlun var undirrituð fyrir hönd félagsins ásamt yfirlýsingu samkvæmt 4. tölulið 2. mgr. 65. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., þess efnis að ef ekki yrði staðið við greiðsluáætlunina væri það vegna þess að félagið væri eigna-

laust og gæti ekki staðið í skilum við lánardrottna sína. Þó svo að ráðið verði af tölvu-  
póstsamskiptum að skjölin hafi ekki verið undirrituð fyrr en í fyrsta lagi 23. nóvember  
2021 eru þau dagsett 19. nóvember 2021.

Félagið greiddi umræddar 20.000.000 króna með millifærslu til stefnda 25.  
nóvember 2021. Skiptastjóri stefnanda lýsti yfir riftun greiðslunnar með bréfi til stefnda  
15. ágúst 2022. Í sama bréfi lýsti skiptastjóri stefnanda einnig yfir riftun á 30.000.000  
króna greiðslu til stefnda sem hafði átt sér stað eftir frestdag við gjaldþrotaskiptin. Með  
tölvupósti 2. september 2022 féllst stefndi á að rifta greiðslum að fjárhæð 30.000.000  
króna en hafnaði riftun á framangreindri 20.000.000 króna greiðslu sem var innt af hendi  
25. nóvember 2021.

Við aðalmeðferð málsins gaf B, starfsmaður stefnda, skýrslu vitnis fyrir  
dóminum.

### III

#### *1. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda*

Stefnandi gerir annars vegar kröfu um riftun á greiðslu sem hið gjaldþrota félag,  
Eignarhaldsfélagið Karpur ehf., innti af hendi 25. nóvember 2021 til greiðslu skuldar við  
stefnda og hins vegar kröfu um bætur úr hendi stefnda sem nemi höfuðstól greiðslunnar  
ásamt vöxtum.

Stefnandi byggir riftunarkröfuna á 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti  
o.fl. og kveður öll skilyrði riftunar á þeim grundvelli vera fyrir hendi. Greiðslan hafi á  
ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa, leitt til þess að  
eignir þrotamannsins hafi ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum og gert það að  
verkum að litlar sem engar eignir hafi verið í þrotabúinu til að mæta lýstum kröfum. Við  
mat á ótilhlýðileika beri einnig að horfa til þess að með greiðslunni hafi verið gerðar upp  
skuldir sem hafi gjaldfallið mörgum mánuðum eða árum fyrir greiðsludag ásamt dráttar-  
vöxtum.

Þrátt fyrir umrædda greiðslu félagsins til stefnda 25. nóvember 2021 hafi gjald-  
fallin opinber gjöld á hendur félaginu áfram verið veruleg en líkt og fram komi í tölvu-  
pósti frá starfsmanni stefnda 16. nóvember 2021 hafi gjaldfallnar kröfur á hendur félag-  
inu þá numið 148.000.000 króna. Að mati stefnanda sé því ekki hægt að líta öðruvísi á  
en að umrædd greiðsla hafi á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað  
annarra kröfuhafa félagsins og leitt til þess að fjármunir hafi ekki verið til reiðu til  
fullnustu kröfum þeirra.

Stefnandi byggir á því að stefnda hafi verið eða mátt vera það ljóst að félagið hafi verið ógjaldfært þegar greiðslan hafi farið fram. Jafnframt að umrædd greiðsla hafi ekki verið liður í fjárhagslegri endurskipulagningu félagsins heldur innt af hendi í þeim tilgangi einum að tryggja hagsmuni félagsins og fyrirsvarsmanna þess, sem hafi borið persónulega ábyrgð á því að staðið væri í skilum við stefnda, líkt og fram komi í samkomulagi 19. febrúar 2021. Stefnandi lítur svo á að með gerð umrædds samkomulags hafi stjórnendur félagsins kosið að setja skuldir við stefnda í forgang umfram aðrar skuldir fyrir gjaldþrotið og þar með raskað jafnræði kröfuhafa.

Stefnandi telur framangreint blasa við þegar haft sé í huga að sama dag og greiðslan hafi verið innt af hendi til stefnda hafi borist innborgun frá Íslandsbanka að fjárhæð 33.812.854 krónur inn á bankareikning stefnanda hjá Íslandsbanka. Fyrir innborgunina hafi reikningurinn staðið í núlli. Greiðslunni hafi svo verið ráðstafað til greiðslu á lífeyrissjóðsiðgjöldum samtals að fjárhæð 12.812.854 og til greiðslu á 20.000.000 króna til stefnda. Loks hafi 1.000.000 króna verið greidd til framkvæmdastjóra félagsins og reikningurinn þá aftur staðið á núlli.

Stefnandi kveður ársreikning félagsins árið 2020 hafa verið áritaðan af endurskoðanda með fyrirvara um rekstrarhæfi. Fram komi í ársreikningnum að félagið hafi verið rekið með viðvarandi rekstrartapi og að eigið fé sé neikvætt. Í apríl 2020 hafi viðskiptabanki félagsins leyst til sín fasteign félagsins og viðskiptakröfur í skuldaskilum í apríl 2020. Í janúar 2021 hafi bankinn svo leyst til sín birgðir félagsins. Telur stefnandi að þetta bendi til þess að vafi hafi leikið á um áframhaldandi rekstur félagsins.

Eina ástæða þess að hagnaður hafi verið af reikningsárinu 2020 hafi verið sala viðskiptabanka félagsins á húseign þess. Af bókhaldi félagsins megi ráða að rekstur þess hafi gengið illa á árunum 2019 og 2020 og að uppsafnað tap félagsins á þeim tíma hafi numið 159.000.000 króna. Eigið fé félagsins hafi verið neikvætt um 30.000.000 króna í lok árs 2020 og 97.000.000 króna í lok árs 2021. Félagið hafi verið búíð að draga á allar lánalínur við erlenda birgja og vöruflæði ábótavant. Þá hafi viðskiptabanki félagsins verið búinn að taka húseign félagsins yfir og haft veð í öllum vörubirgðum og viðskiptakröfum félagsins. Á þessum tímamarki hafi félagið einnig verið í umtalsverðri skuld við opinbera aðila vegna vörsluskatta og lífeyrissjóðsiðgjalda.

Stefnandi bendir einnig á að áður en greiðslan hafi verið innt af hendi hafi í fjórgang verið gert árangurslaust fjárnám hjá félaginu, í apríl 2020 og dagana 17. maí, 26. ágúst og 9. nóvember 2021. Stefndi hafi verið fjárnámsbeiðandi í hinu árangurslausa

fjárnámi frá því 26. ágúst 2021. Vísar stefnandi enn fremur til þess að áður en umrædd greiðsla til stefnda hafi verið innt af hendi hafi legið fyrir yfirlýsing félagsins um eignaleysi, dagsett 19. nóvember 2021. Þann dag hafi jafnframt verið undirrituð greiðsluáætlun við stefnda vegna vanskila á opinberum gjöldum. Gjaldþrotaskiptakrafa stefnda á hendur félaginu hafi verið dagsett 19. apríl 2022 og við gjaldþrotaskiptin hafi stefndi lýst kröfu um greiðslu tryggingagjalds og staðgreiðslu vegna vanskila allt frá hausti ársins 2019. Telur stefnandi því engan vafa leika á því að stefndi hafi verið grandsamur um ógjaldfærni félagsins þegar umrædd greiðsla hafi verið innt af hendi.

Bótakröfuna byggir stefnandi á 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 og krefst vaxta samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá greiðsludegi til 15. september 2022 en dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Byggt sé á því að stefndi hafi verið grandsamur um ógjaldfærni félagsins og því beri stefnda að greiða stefnanda skaðabætur á grundvelli almennra reglna skaðabótaréttar en öll skilyrði almennu skaðabótareglunnar séu fyrir hendi.

## *2. Helstu málsástæður og lagarök stefnda*

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum stefnanda og byggir á því að ekki séu skilyrði til að fallast á kröfur hans. Samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. þurfi öll skilyrði ákvæðisins að vera uppfyllt svo reynt geti á riftun greiðslu á þeim grundvelli. Fyrir það fyrsta þurfi ráðstöfunin að hafa verið viðtakanda ótilhlýðilega til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa. Stefndi byggir á því að greiðsla 25. nóvember 2021 hafi verið liður í endurskipulagningu á fjárhag félagsins líkt og tölvupóstsamskipti í nóvember 2021 beri með sér og hún hafi því ekki verið stefnda ótilhlýðilega til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa.

Samkvæmt framangreindum tölvupóstsamskiptum og skýrslu fyrirsvarmsmanns félagsins hafi félagið í aðdraganda greiðslunnar leitað eftir samkomulagi um skuldir þess við stefnda þar sem von væri á útgreiðslu á fullnustueign. Stefndi byggir á því að með því að félagið hafi leitast við að greiða hluta skulda sinna við stefnda hafi það sýnt viðleitni til að koma fjárhag sínum aftur á réttan kjöl. Slík ráðstöfun geti ekki talist ótilhlýðileg heldur sé það eðlilegur hluti af endurskipulagningu fjárhags að greiða inn á kröfur og gera greiðsluáætlun í því skyni að rétta hag skuldara. Þegar svo hátti til sé ekki ótilhlýðilegt að taka við greiðslum en stefndi hafi verið í góðri trú um að félagið væri að leysa úr greiðsluerfiðleikum með uppgjöri fullnustueignar frá viðskiptabanka þess. Vísar

stefndi til þess að skýrlega komi fram í tölvupóstsamskiptum að félagið hafi átt von á hárrí millifærslu vegna þessa. Þá sé rétt að geta þess að þar sem ekki sé um tengda aðila að ræða sé ekki sjálfgefið að stefndi hefði upplýsingar um félagið sem gætu leitt til þess að greiðslan teldist ótilhlýðileg. Þá sýni dómaframkvæmd vegna 141. gr. að ákvæðinu sé frekar beitt í málum þar sem tengsl séu á milli aðila en það eigi ekki við um aðila þessa máls.

Stefndi tekur fram að greiðslunni hafi í samræmi við greiðsluáætlunina verið ráðstafað upp í virðisaukaskatt samkvæmt reglum nr. 797/2016 um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda. Samkvæmt 4. gr. reglnanna skuli fyrst ráðstafa greiðslum upp í virðisaukaskatt á elsta tímabili viðkomandi gjaldflokks. Greiðslan hafi verið greidd inn á síðasta tímabil virðisaukaskatts á árinu 2019 og fyrstu fjögur tímabilin á árinu 2020 og því ljóst að hún hafi ekki verið nýtt til að greiða nýja álagningu heldur hafi henni verið ráðstafað inn á elstu tímabil gjaldfallins virðisaukaskatts.

Stefndi byggir á því að félagið hafi þannig ekki haft forræði á ráðstöfun greiðslunnar heldur hafi farið um hana eftir forgangsröðun gjaldflokka samkvæmt ofangreindum reglum. Því sé ekki hægt að halda því fram að ásetningur hafi staðið til þess að greiða vörsluskatta umfram aðrar kröfur til að forða fyrirsvarsmönnum frá tjóni. Greiðslan sé því hvorki ótilhlýðileg né feli hún í sér brot á jafnræði kröfuhafa. Enn fremur hafi stefndi ekki haft neina vitneskju um samkomulag á milli félagsins og stjórnenda þess frá 19. febrúar 2021.

Þá vísar stefndi til þess að samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 þurfi ráðstöfun einnig að leiða til þess að eignir þrotamanns verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum. Stefndi kveður félagið hafa einsett sér að gera upp skuldir við kröfuhafa í tengslum við uppgjör á rekstri og að greitt hafi verið inn á skuldir hjá Skattinum og lífeyrissjóðum á sama tíma í nóvember 2021. Stefndi byggir á því að ekki sé hægt að fullyrða að greiðslan hefði verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum hefði hún ekki verið greidd til stefnda og kveður sönnunarbyrði um hið gagnstæða hvíla á stefnanda.

Samkvæmt framangreindri riftunarreglu þurfi þrotamaður jafnframt að hafa verið ógjaldfær eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar. Líkt og fram komi í tölvupóstsamskiptum 15. nóvember 2021 hafi félagið átt von á 70.000.000 krónum sem hafi átt að greiðast til Skattsins. Félagið hafi því verið með fjármuni til reiðu á bankareikningum sínum um það leyti sem greiðslan var innt af hendi. Stefndi hafi því verið í góðri trú um að fjárhags-

erfiðleikar félagsins hefðu verið tímabundnir og félagið hafi verið gjaldfært á þeim tímapunkti. Tímabundnir greiðsluferfiðleikar leiði ekki til ógjaldfærni í skilningi gjaldþrotaskiptalaga. Því sé ekki hægt að líta svo á að félagið hafi verið ógjaldfært á þeim tímapunkti eða orðið það við greiðsluna.

Stefndi bendir einnig á að líkt og greint sé frá í stefnu hafi þrjár gjaldþrotaskiptabeirðir frá lífeyrissjóðum verið afturkallaðar 1. nóvember 2021 í kjölfar þess að greiðslur bárust til skiptabeirðenda. Það sýni að um það leyti sem hin umþrætta greiðsla barst stefnda hafi félagið haft haldbæra fjármuni til að aftra gjaldþrotaskiptum. Reyndar hafi alls fjórar gjaldþrotaskiptabeirðir verið afturkallaðar í nóvember 2021. Því til viðbótar komi fram í stefnu að sama dag og hin umþrætta greiðsla barst stefnda hafi tveimur lífeyrissjóðum verið greiddar um 13.000.000 króna. Það renni stoðum undir það að félagið hafi ekki verið ógjaldfært í aðdraganda umræddrar greiðslu til stefnda eða á þeim tímapunkti. Sönnunarbyrði um hið gagnstæða hvíli á stefnanda. Þá hafi félagið greitt um 7.000.000 króna á árinu 2021 á meðan rekstur stóð enn yfir. Hvað sem ofangreindu líði hafi félagið ekki orðið ógjaldfært við greiðsluna og því sé það skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 ekki uppfyllt.

Þá hafi ekkert í tölvupóstsamskiptum félagsins og Skattsins í nóvember 2021 gefið til kynna ógjaldfærni félagsins á þeim tímapunkti sem greiðslan barst. Því sé mót-mælt að stefnda hafi verið eða mátt vera ljóst að stefnandi hafi verið ógjaldfær þegar greiðslan hafi farið fram. Þá hafi Skatturinn ekki haft neinar upplýsingar um millifærslur á bankareikningum félagsins þann dag sem greiðslan barst en staða á bankareikningum geti heldur ekki ein og sér leitt til þess að félagið teljist hafa verið ógjaldfært. Skatturinn hafi heldur ekki vitað um sölu á rekstri félagsins með kaupsamningi 3. mars 2021.

Loks þurfi sá sem hafði hag af ráðstöfun, sem riftanleg sé á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991, að hafa vitað eða mátt vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leitt hafi til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg. Stefndi byggir á því að það eitt að árangurslaust fjárnám hafi verið gert fyrir tilstuðlan Skattsins þremur mánuðum áður en greiðslan barst þýði ekki að stefndi hafi verið grandsamur um ógjaldfærni félagsins þegar hún barst. Stefnda hafi fyrst orðið ljóst um greiðsluvanda félagsins í byrjun árs 2022 þegar greiðsla að fjárhæð 7.000.000 króna samkvæmt greiðsluáætlun hafi ekki borist stefnda. Stefndi vísar til þess að greiðsluáætlunin hafi verið gerð 19. nóvember 2021 eða sex dögum áður en umrædd greiðsla hafi borist. Litið hafi verið á greiðsluna

sem fyrstu greiðslu samkvæmt greiðsluáætluninni en næsta greiðsla hafi átt að berast í byrjun janúar 2022. Frekari greiðslur hafi þó ekki borist.

Þá vísar stefndi til þess að Skattinum beri ekki skylda til að rannsaka hvort aðrir kröfuhafar hafi hafið innheimtuaðgerðir gagnvart tilteknum skuldara og krafist fjárnáms eða gjaldþrotaskipta. Stefnanda hafi því ekki verið kunnugt um gjaldþrotaskiptabeiðnir á hendur félaginu á árinu 2021. Þá fái Skatturinn heldur ekki upplýsingar um fjárnámsbeiðnir eða tilkynningar um fjárnám sem aðrir aðilar hafi krafist. Stefndi geti því ekki talist grandsamur á þeim grundvelli líkt og stefndi yí að með málatilbúnaði sínum. Loks bendir stefndi á að greiðsluáætlun sem stefnandi hafi gert hjá Skattinum rúmu ári áður en hann undirritaði greiðsluáætlun 19. nóvember 2021 geti ekki leitt til þess að stefndi verði talinn grandsamur um meint bág fjárhagsmálefni félagsins á þeim tímapunkti sem greiðslan barst.

Þá byggir stefndi á því að þó svo að fjárnámsbeiðni Skattsins hafi lokið án árangurs 26. ágúst 2021 sé það alþekkt að félög séu ekki alltaf ógjaldfær þótt árangurslaust fjárnám fari fram þar sem greiðsluerfiðleikar séu iðulega tímabundnir. Líkt og fram hafi komið hafi stefndi verið í góðri trú um að félaginu væri að takast að endurskipuleggja fjárhag sinn þegar greiðslan barst í nóvember 2021 og að greiðsluerfiðleikarnir hefðu verið tímabundnir, en eins og tölvupóstsamskipti beri með sér hafi félagið átt von á frekari greiðslum. Því hafi ekki verið til staðar þær aðstæður sem leiði til þess að greiðslan geti talist ótilhlýðileg í skilningi 141. gr. laga nr. 21/1991.

Samkvæmt skrá skiptastjóra stefnanda yfir lýstar kröfur sé Skatturinn jafnframt stærsti kröfuhafi þrotabúsins og í því ljósi sé því haldið fram að greiðslan hafi ekki verið Skattinum á ótilhlýðilegan hátt til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa.

Stefndi mótmælir því einnig að lagaskilyrði séu til þess að taka greiðslukröfu stefnanda til greina. Samkvæmt framansögðu sé að mati stefnda ekki fullnægt skilyrðum 3. mgr. 142. gr. laga nr. 21/1991 og mótmælir stefndi því að fullnægt sé skilyrðum almennra reglna skaðabótaréttar.

Hvað varakröfu sína varðar vísar stefndi til þeirra málsástæðna og sjónarmiða sem rakin hafi verið að framan vegna aðalkröfu hans.

Stefndi mótmælir vaxta- og dráttarvaxtakröfum stefnanda og telur að ef dæma eigi vexti beri að miða við dómsuppkvaðningu. Verði ekki á það fallist sé á það bent að riftunar- og kröfubréf skiptastjóra sé dagsett 15. ágúst 2022 og því engar forsendur til að dæma vexti fyrir en mánuði eftir dagsetningu kröfubréfsins.

#### IV

Ágreiningur málsaðila lýtur að því hvort rifta beri greiðslu að fjárhæð 20.000.000 króna sem Eignarhaldsfélagið Karpur ehf., hér eftir félagið (áður Ísleifur Jónsson ehf.) greiddi til stefnda hinn 25. nóvember 2021, sem ráðstafaði greiðslunni upp í vangoldinn virðisaukaskatt á árinu 2019 og fyrstu fjögur tímabilin á árinu 2020 samkvæmt reglum nr. 797/2016 um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda.

Stefnandi byggir riftunarkröfu sína á hinna almennu riftunarreglu 141. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. Telur stefnandi að greiðslan hafi verið innt af hendi til stefnda á ótilhlýðilegan hátt honum til hagsbóta á kostnað annarra kröfuhafa án þess að greiðandi væri gjaldfær. Hafi þetta leitt til þess að eignir félagsins voru ekki til reiðu til fullnustu öðrum kröfuhöfum.

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum og lagarökum stefnanda og telur að skilyrðum 141. gr. laga nr. 21/1991 sé ekki fullnægt svo hægt sé að fallast á riftunarkröfu stefnanda.

Stefndi veitti hinna umþrættu greiðslu viðtöku hinn 25. nóvember 2021. Var greiðslan innt af hendi með fjármunum sem komu fyrir sölu á fasteign félagsins að Draghálsi 14–16. Í tölvuskeyti þáverandi framkvæmdastjóra félagsins til Skattsins 15. nóvember 2021 kemur fram að hrein eign félagsins eftir sölu fasteignarinnar hafi verið 70.000.000 króna og að félagið væri reiðubúið til að greiða stefnda þá fjárhæð upp í vangoldin opinber gjöld, fyrst 20.000.000 króna og svo eftir því sem greiðslur bærust fyrir fasteignina, við afhendingu hennar í apríl 2022 og við útgáfu afsals í júní 2022. Í sama tölvuskeyti framkvæmdastjórans kom einnig fram að viðskiptabanki félagsins hefði aflétt öllum sínum veðum á félaginu, meðal annars handveðsetningu á bankareikningum þess. Kvað framkvæmdastjórinn viðskiptakröfur félagsins nægja fyrir skuldum þess og óskaði hann eftir að gera greiðsluáætlun sem tæki mið af framangreindu. Var umrædd greiðsluáætlun undirrituð 23. nóvember 2021.

Eignarhaldsfélagið Karpur ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 7. júlí 2022. Í gögnum málsins liggur fyrir að á árinu 2021 höfðu Héraðsdómi Reykjavíkur verið sendar fjórar kröfur um gjaldþrotaskipti á félaginu, fyrst 29. júní frá Frjálsa lífeyrissjóðnum, 14. júlí frá Landsbankanum hf. og Íslenska lífeyrissjóðnum og 14. september frá Lífeyrissjóði verslunarmanna. Þessar beiðnir voru allar afturkallaðar í kjölfar greiðslna félagsins til þessara aðila. Stefndi gerði árangurslaust fjárnám hjá félaginu 26. ágúst 2021, eða þremur mánuðum áður en sú greiðsla sem

krafist er riftunar á var innt af hendi. Að auki voru gerð árangurslaus fjárnám hjá félaginu 17. maí og 9. nóvember s.á. Þá var gert fjárnám í apríl 2020.

Krefjast má riftunar ráðstafana samkvæmt 141. gr. laga nr. 21/1991 sem á ótilhlýðilegan hátt eru kröfuhafa til hagsbóta á kostnað annarra, leiða til þess að eignir þrotamannsins verði ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leiða til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns, ef þrotamaðurinn var ógjaldfær eða varð það vegna ráðstöfunarinnar og sá sem hafði hag af henni vissi eða mátti vita um ógjaldfærni þrotamannsins og þær aðstæður sem leiddu til þess að ráðstöfunin væri ótilhlýðileg.

Við skoðun á því hvort riftunarreglu 141. gr. laga nr. 21/1991 verði beitt verður að líta til atvika í heild sinni og þeirrar stöðu sem var uppi þegar ráðstöfunin fór fram.

Þegar metið er hvort áskilnaður lagagreinarinnar um að skuldari hafi verið ógjaldfær samkvæmt ákvæðinu eða orðið það vegna ráðstöfunarinnar sé fullnægt ber að líta til þess að á þeim tíma sem greiðslan var innt af hendi lá fyrir að félagið væri að leitast við að endurskipuleggja fjárhag sinn. Fasteign félagsins hafði verið seld og greiðsluáætlun við stefnda gerði ráð fyrir áframhaldandi greiðslum sem bærust félaginu vegna sölu fasteignarinnar. Þá hafði viðskiptabanki félagsins sem fyrr segir aflétt handveðsetningu á bankareikningum þess. Auk þess lágu fyrir upplýsingar um að innt hefðu verið af hendi vangoldin iðgjöld til lífeyrissjóða.

Á hinn bóginn liggur fyrir í málinu að eigið fé var neikvætt um umtalsverðar fjárhæðir rekstrarárið 2020. Þá voru gerð árangurslaus fjárnám hjá félaginu á árunum 2020 og 2021, síðast 9. nóvember 2021, sem stefndi átti auðvelt með að kynna sér. Þar fyrir utan bárust fjórar kröfur um gjaldþrotaskipti á hendur félaginu árið 2021 en þær voru afturkallaðar í kjölfar greiðslna. Ætla verður að þessar gerðir hafi ekki getað farið fram hjá stefnda, sem fer með innheimtu opinberra gjalda, þegar hann gerði greiðsluáætlun við félagið í nóvember 2021. Þá skal þess getið að félagið hafði verið rekið með viðvarandi rekstartapi og efasemdir voru um áframhaldandi rekstur þess, sbr. áritun endurskoðanda í ársreikningi félagsins 2020.

Miðað við framangreindar forsendur ber að líta svo á að félagið hafi verið ógjaldfært hinn 25. nóvember 2021 þegar 20.000.000 króna voru greiddar stefnda og að stefnda hafi verið eða mátt vera kunnugt um þá ógjaldfærni.

Til þess að umrædd ráðstöfun geti verið riftanleg á grundvelli 141. gr. laga nr. 21/1991 þarf hún, svo sem fyrr greinir, að hafa á ótilhlýðilegan hátt verið stefnda til hagsbóta á kostnað annarra, leitt til þess að eignir Eignarhaldsfélagsins Karfs ehf. hafi

ekki verið til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eða leitt til skuldaaukningar kröfuhöfum til tjóns. Þá þarf að liggja fyrir að fjármunirnir hefðu að öðrum kosti verið skuldara til frjálsrar ráðstöfunar.

Eins og rakið er hér að framan var undirrituð greiðsluáætlun, dagsett 19. nóvember 2021, í kjölfar upplýsinga frá framkvæmdastjóra félagsins til Skattsins um eignastöðu félagsins í kjölfar sölu á fasteign þess og staðhæfinga framkvæmdastjórans um að útistandandi kröfur félagsins dygðu fyrir skuldum. Var fyrstu greiðslunni, 20.000.000 króna samkvæmt greiðsluáætlun, ráðstafað upp í elsta tímabil vangoldins virðisaukaskatts í samræmi við reglur nr. 797/2016 um greiðsluforgang og skuldajöfnun skatta og gjalda. Þá lá fyrir að á sama tíma hefði einnig verið greitt inn á skuldir félagsins við lífeyrissjóði. Við þessar aðstæður og þar sem stefnda mátti vera kunnugt um ógjaldfærni félagsins á þessum tíma gat stefndi auðveldlega séð fyrir að umrædd greiðsla til hans fór ekki fram á hlutlægum grunni, þ.e. þar sem jafnræðis kröfuhafa var gætt, heldur fyrst og fremst til að koma í veg fyrir hættu á því að þáverandi fyrirsvarsmenn félagsins yrðu sóttir til saka vegna vangoldinna vörsluskatta.

Verður því ekki talið að stefndi hafi mátt ætla að sala fasteignarinnar og ráðstafanir félagsins í nóvember 2021 hafi verið gerðar í tengslum við eðlilega og raunhæfa viðleitni fyrirsvarsmanna félagsins til þess að endurskipuleggja fjárhag þess með það að markmiði að viðhalda starfsemi þess og einn þáttur í þeirri viðleitni þeirra hafi verið að gera greiðsluáætlun um uppgjör á skuldum við stefnda, svo sem haldið er fram í málinu. Að þessu virtu verður því talið að greiðsla 20.000.000 króna til stefnda hafi verið ótilhlýðileg á þeim tíma sem hún var innt af hendi og að stefnda hafi verið um þetta kunnugt eða hann hafi mátt sjá þetta fyrir.

Þá telur dómurinn ljóst að greiðslan til stefnda hafi leitt til þess að eignir þrotabúsins voru ekki til reiðu til fullnustu kröfuhöfum eins og atvikum var háttað, sbr. skilyrði 141. gr. laga nr. 21/1991 þar að lútandi. Í því sambandi ber að líta til skuldastöðu félagsins við gjaldprotið. Nam heildarfjárhæð lýstra krafna í búið samtals 184.051.336 krónum. Þar af voru almennar kröfur 160.720.442 krónur og af þeirri fjárhæð voru samtals 118.611.399 krónur frá Skattinum. Því er ljóst að vegna greiðslunnar til stefnda urðu eignir þrotabúsins að hluta til ekki til reiðu til að greiða öðrum jafnréttáum kröfuhöfum búsins.

Samkvæmt öllu framansögðu er fallist á kröfu stefnanda um riftun á skuld stefnanda við stefnda, að fjárhæð 20.000.000 króna. Ber stefnda að greiða stefnanda þá

fjárhæð ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. ágúst 2022 til 15. september s.á., en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber stefnda að greiða stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Einar Hugi Bjarnason lögmaður flutti málið af hálfu stefnanda.

Óskar Thorarensen lögmaður flutti málið af hálfu stefnda.

Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Rift er greiðslu stefnanda 25. nóvember 2021 á skuld við stefnda, að fjárhæð 20.000.000 króna. Stefndi greiði stefnanda 20.000.000 króna ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 15. ágúst 2022 til 15. september 2022 en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 1.000.000 króna í málskostnað.

Ragnheiður Snorradóttir